



Sveitarstjórn - 292. fundur
haldinn í Upsa á 3. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur, 10. maí 2017
og hófst hann kl. 16:15

Fundinn sátu:

Heiða Hilmarsdóttir Aðalmaður, Bjarni Theódór Bjarnason Aðalmaður, Guðmundur St. Jónsson Aðalmaður, Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson Aðalmaður, Íris Hauksdóttir Varamaður, Kristján Hjartarson Varamaður og Lilja Björk Ólafsdóttir Varamaður.

Embættismenn

Guðrún Pálína Jóhannsdóttir Ritari.

Fundargerð ritaði: Guðrún Pálína Jóhannsdóttir, sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Valdemar Þór Viðarssón boðaði forföll og varamaður hans, Lilja Björk Ólafsdóttir, mætti á fundinn í hans stað.

Kristján Guðmundsson boðaði forföll og varamaður hans, Íris Hauksdóttir, mætti á fundinn í hans stað.

Valdís Guðbrandsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar, Kristján E. Hjartarson, mætti á fundinn í hennar stað.

Dagskrá:

1. 1704006F - Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 818, frá 12.04.2017

- 1.1 201704028 - Frá sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs; Útboð á skólamat 2017 - 2019

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 818

Lagt fram til kynningar.

- 1.2 201704027 - Frá sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs; Útboð á skólaakstri 2017-2019

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 818

Lagt fram til kynningar.

- 1.3 201611121 - Ársreikningur Dalvíkurbyggðar 2016.

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 818

Byggðarráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að vísa ársreikningi Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2016 til fyrri umræðu í sveitarstjórn,

Niðurstaða þessa fundar

Enginn tók til máls um fundargerðina og ekkert í fundargerðinni þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar, eru því allir liður fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar í sveitarstjórn.

2. 1704011F - Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819, frá 27.04.2017

Til afgreiðslu:

1. liður.
2. liður; a), b), c).
3. liður.
5. liður.
12. liður.

- 2.1 201704098 - Frá sviðstjóra umhverfis- og tæknisviðs; Ósk um tilfærslu fjármuna milli stofnanna Dalvíkurbyggðar 2017

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreinda beiðni um tilfærslu á viðhaldsáætlun Eignasjóðs að upphæð kr. 11.200.000, viðauki 7/2017. Þar sem um tilfærslu á milli liða er að ræða þá er ekki þörf á ákvörðun hvernig á að mæta þessum viðauka.

Niðurstaða þessa fundar

Sveitartjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu byggðaráðs hvað varðar beiðni um tilfærslu á viðhaldsáætlun Eignasjóðs að upphæð kr. 11.200.000, viðauki 7/2017. Þar sem um tilfærslu á milli liða er að ræða þá er ekki þörf á ákvörðun hvernig á að mæta þessum viðauka.

- 2.2 201611047 - Frá 61. fundi veitu- og hafnaráðs þann 26.04.2017; Austurgarður, nýbygging og tilheyrandi

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

a) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreinda tillögu veitu- og hafnaráðs að heimila Vegagerðinni að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.

b) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ósk veitu- og hafnaráðs um viðauka að upphæð kr. 37.400.000 vegna framlags Dalvíkurbyggðar á árinu 2017 vegna framkvæmdanna, viðauki 8/2017, og að viðaukanum verði mætt með lántöku Hafnasjóðs, vísað á málaflokk 42.

c) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ósk veitu- og hafnaráðs um viðauka vegna vænts framlags ríkisins á árinu 2018 að upphæð kr. 188.600.000 og að því verði mætt með láni Hafnasjóðs til að

brúa bilið. Vísað á málaflokk 42, viðauki 9/2017.

Niðurstaða þessa fundar

- a) Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu byggðaráðs að heimila Vegagerðinni að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.
- b) Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum afgreiðslu byggðaráðs um viðauka að upphæð kr. 37.400.000 vegna framlags Dalvíkurbyggðar á árinu 2017 vegna framkvæmdanna, viðauki 8/2017, og að viðaukanum verði mætt með lántöku Hafnasjóðs, vísað á málaflokk 42.
- c) Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum afgreiðslu byggðaráðs um viðauka vegna vænts framlags ríkisins á árinu 2018 að upphæð kr. 188.600.000 og að því verði mætt með láni Hafnasjóðs til að brúa bilið. Vísað á málaflokk 42, viðauki 9/2017.

- 2.3 201704053 - Frá Sýslumanninum á Norðurlandi Eystra; Umsókn um rekstarleyfi - Húsabakki

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum afgreiðslu byggðarráðs

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Byggðaráð gerir ekki athugasemdir við ofangreinda umsókn með fyrirvara um umsögn slökkviliðsstjóra.

- 2.4 201704054 - Frá framkvæmdastjóra Bergs ses.; Breyting á stjórn Menningarfélagsins Bergs

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að leggja til við menningarráð að ekki verði breyting á fulltrúum Dalvíkurbyggðar, þ.e. Valdemar Þór Viðarsson, aðalmaður og Margrét Víkingsdóttir, varamaður.

- 2.5 201704084 - Frá Tækifæri; Aðalfundur Tækifæris hf 2017

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum afgreiðslu byggðarráðs

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að sveitarstjóri mæti á fundinn fyrir hönd Dalvíkurbyggðar og fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

- 2.6 201704090 - Frá Lánasjóði sveitarfélaga; Arðgreiðsla 2017 - Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Lagt fram til kynningar.

- 2.7 201704042 - Frá nefndasviði Alþingis; Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli, 156. mál.

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Lagt fram til kynningar.

- 2.8 201704043 - Frá nefndasviði Alþingis; Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 270. mál.

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Lagt fram til kynningar.

- 2.9 201704044 - Frá nefndasviði Alþingis; Til umsagnar frumvarp til laga um breyt. á sveitarstjórnarlögum (íbúakosningar), 184. mál.

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Lagt fram til kynningar.

- 2.10 201704045 - Frá nefndasviði Alþingis; 114. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Lagt fram til kynningar.

- 2.11 201704046 - Frá nefndasviði Alþingis; Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um millilandflug um Hornafjarðarflugvöll, 222. mál.

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Lagt fram til kynningar.

- 2.12 201704087 - Frá Dalvíkurskóla; Beiðni um viðauka vegna tölvumála

Multiseat

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreinda beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kaupa á 17 tölum í Dalvíkurskóla, vísað á málaflokk 32, viðauki 10/2017. Ráðstöfun á móti viðaukaunum er lækkun á handbæru fé.

Niðurstaða þessa fundar

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu byggðaráðs um viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kaupa á 17 tölum í Dalvíkurskóla, vísað á málaflokk 32, viðauki 10/2017. Ráðstöfun á móti viðaukaunum er lækkun á handbæru fé

- 2.13 201702014 - Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; fundargerð nr. 849.

Lagt fram til kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Lagt fram til kynningar.

- 2.14 201701030 - Frá Eyþingi; fundargerð stjórnar nr. 294

Lagt fram til kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Lagt fram til kynningar.

- 2.15 201704097 - Frá foreldrum fatlaðra ungmenna í Dalvíkurbyggð; Ósk um tímasetta áætlun búsetuúrræða og atvinnumála fatlaðra einstaklinga í Dalvíkurbyggð

Lagt fram til kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 819

Byggðaráð þakkar foreldrum fatlaðra ungmenna fyrir erindið. Sveitarfélagið hefur nú þegar hafið vinnu við þarfagreiningu og vinnan við verkefnið um búsetuþörf fatlaðs fólks er í farvegi. Byggðaráð mun fá vinnuhóp um búsetuúrræði á sinn fund þar sem næstu skref í vinnunni verða tímasett og hún formgerð. Markmiðið er að það verði komin drög að áætlun fyrir næstu fjárhagsáætlunargerð.

Varðandi atvinnu fyrir fötluð ungmenni í byggðarlaginu þá hefur sveitarfélagið sýnt gott fordæmi og vilji er til að gera enn betur og fá fleiri fyrirtæki og atvinnurekendur í sveitarfélaginu með í lið.

Niðurstaða þessa fundar

Enginn tók til máls um fundargerðina og annað þarfnast ekki afgreiðslu sveitarstjórnar, þeir liðir sem ekki þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar eru því lagðir fram til kynningar.

3. 1705001F - Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 820, frá 05.05.2017.

Til afgreiðslu:

2. liður

- 3.1 201705002 - Frá Íbúðalánasjóði; Úthlutun stofnframlaga 2017 - fyrri hluti úthlutunar

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 820

Lagt fram til kynningar.

- 3.2 201703089 - Frá UT-teymi; Tíma- og viðveruskráningarkerfi - samningur við Advania um Vinnustund

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum afgreiðslu byggðarráðs

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 820

Byggðarráð samþykkir samhljóða með þremur atkvæðum samninginn.

- 3.3 201704088 - Frá 61. fundi veitu- og hafnaráðs þann 26.04.2017; Umsókn um styrk fyrir Sjávarútvegsskólann 2017 frá Háskólanum á Akureyri.

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 820

Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar í fræðsluráði.

- 3.4 201704068 - Frá sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs; Stöðumat janúar - mars 2017

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 820

Frestað til næsta fundar.

- 3.5 201705008 - Frá Símenntarstöð Eyjafjarðar; Aðalfundur Símeypjar 2017

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 820

Byggðarráð leggur til að sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs mæti á fundinn fyrir hönd Dalvíkurbyggðar.

- 3.6 201705001 - Frá nefndasviði Alþingis; Til umsagnar frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 375. mál.

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 820

Lagt fram til kynningar.

- 3.7 201704116 - Frá nefndasviði Alþingis; Til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 435. mál.

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 820

Lagt fram til kynningar.

- 3.8 201704091 - Frá framkvæmdastjóra og stjórn Fiskidagsins mikla; Uppfylling á lóð Samherja fyrir neðan kaupfélagsbakkann

Lagt fram tiil kynningar

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 820

Byggðarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til umræðu og frekari útfærslu hjá umhverfissráði.

Niðurstaða þessa fundar

Enginn tók til máls um fundargerðina og annað þarfnast ekki afgreiðslu sveitarstjórnar, þeir liðir í fundargerðinni sem ekki þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar eru því lagðir fram til kynningar.

4. 1704013F - Atvinnumála- og kynningarráð - 25, frá 03.05.2017

- 4.1 201401050 - Ímynd Dalvíkurbyggðar, skv. starfsáætlun 2014

Lagt fram tiil kynningar

Atvinnumála- og kynningarráð - 25

Atvinnumála- og kynningarráð samþykkir með 4 atkvæðum að birta niðurstöðu könnunarinnar með áorðnum breytingum sem gerðar voru á fundinum.

Upplýsingafulltrúa er falið að gera lokaskýrslu um verkefnið Ímynd Dalvíkurbyggðar fyrir næsta fund ráðsins og taka þar saman þá þrjá þætti sem verkefnið felur í sér: Dalvíkurbyggð sem vinnustaður, Dalvíkurbyggð sem þjónustuveitandi og Dalvíkurbyggð sem samfélag.

- 4.2 201702013 - Hækkun framlaga sveitarfélaga

Lagt fram tiil kynningar

Atvinnumála- og kynningarráð - 25

Til kynningar.

- 4.3 201609031 - Umsókn um gerð Hvatasamnings

Lagt fram tiil kynningar

Atvinnumála- og kynningarráð - 25

Upplýsingafulltrúi upplýsir um stöðu málsins.

- 4.4 201703134 - Erindi til sveitarstjóra frá flugklasnum Air66

Lagt fram tiil kynningar

Atvinnumála- og kynningarráð - 25

Til kynningar.

- 4.5 201703135 - Skýrsla flugklasans Air 66N

Lagt fram tiil kynningar

Atvinnumála- og kynningarráð - 25

Til kynningar.

- 4.6 201604102 - Mánaðarlegar stöðuskýrslur fyrir fagráð og byggðaráð

Lagt fram tiil kynningar

Atvinnumála- og kynningarráð - 25

Til kynningar.

Niðurstaða þessa fundar

Enginn tók til máls um fundargerðina og ekkert þarfnast afgreiðslu sveitartjórnar, eru því allir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar í sveitarstjórn.

5. 1704003F - Fræðsluráð - 215, 12.04.2017

- 5.1 201704027 - Útboð á skólaakstri 2017-2020

Lagt fram tiil kynningar

Fræðsluráð - 215

Fræðsluráð samþykkir með 5 atkvæðum að skólaaksturinn verði boðinn út á grundvelli þeirra gagna sem fylgdu fundarboði og í samræmi við

umræður á fundinum.

5.2 201704028 - Útboð á skólamat 2017 - 2020

Lagt fram tiil kynningar

Fræðsluráð - 215

Fræðsluráð samþykkir með 5 atkvæðum að skólamáltíðir verði boðnar út á grundvelli þeirra gagna sem fylgdu fundarboði og í samræmi við umræður á fundinum.

5.3 201704030 - Læsisráðgjöf Menntamálastofnunar til leik- og grunnskóla

Lagt fram tiil kynningar

Fræðsluráð - 215

Lagt fram til kynningar. Fræðsluráð mælir með að nú á vordögum verði settur á stofn vinnuhópur til að ljúka gerð læsisstefnu fyrir Dalvíkurbyggð. Hann samanstandi af fulltrúum frá öllum skólum í Dalvíkurbyggð, fræðsluráði, bókasafni og skólaskrifstofu. Foreldrar verði umsagnaraðilar við gerð stefnunnar og óskað verði eftir leiðsögn læsisráðgjafa Menntamálastofnunar við gerð hennar. Skólastjórnendum og fræðsluskrifstofu falið að ákveða með frekari óskir um þjónustu læsisráðgjafanna.

5.4 201704026 - Vegvísir 1, úrbótaáætlun á starfsumhverfi í grunnskólum

Lagt fram tiil kynningar

Fræðsluráð - 215

Lagt fram til kynningar.

5.5 201703032 - Kennslumínútnafjöldi í list- og verkgreinum í grunnskólum

Lagt fram tiil kynningar

Fræðsluráð - 215

Lagt fram til kynningar. Gísli og Gunnþór gerðu grein fyrir stöðunni í sínum skólum sem er mjög nálægt uppgefnum viðmiðum.

5.6 201609053 - Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna nýbúafræðslu 2017

Lagt fram tiil kynningar

Fræðsluráð - 215

Lagt fram til kynningar.

- 5.7 201609054 - Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda 2017

Lagt fram til kynningar

Fræðsluráð - 215

Lagt fram til kynningar.

- 5.8 201503209 - Námsárangur

Lagt fram til kynningar

Fræðsluráð - 215

Lagt fram til kynningar og umræðu.

Niðurstaða þessa fundar

Enginn tók til máls um fundargerðina og ekkert þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar, eru því allir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar í sveitarstjórn.

6. 1703002F - Íþrótt- og æskulýðsráð - 87, frá 07.03.2017.

- 6.1 201702061 - Vegna framkvæmdastjóra

Lagt fram til kynningar

Íþrótt- og æskulýðsráð - 87

Kristinn Ingi Valsson fór yfir stöðuna og gerði grein fyrir fundi með fulltrúum GHD. Skíðafélagið boðaði forföll og náðist ekki að funda með þeim fyrir fund íþrótt- og æskulýðsráðs.

Fyrir næsta fund ráðsins mun GHD senda inn tillögur um framtíðarsýn þeirra á starfinu.

Íþrótt- og æskulýðsráð samþykkir að kalla fulltrúa skíðafélagsins á fund formanns, sviðsstjóra og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa fyrir næsta fund.

- 6.2 201703024 - Vorfundur íþrótt- og æskulýðsráðs 2017

Lagt fram til kynningar

Íþrótt- og æskulýðsráð - 87

Íþrótt- og æskulýðsráð samþykkir að vorfundur ráðsins verði haldinn 2. maí 2017 kl. 16:00.

- 6.3 201311295 - Útboð á rekstri tjaldsvæðis

Lagt fram til kynningar

Íþrótt- og æskulýðsráð - 87

Íþrótt- og æskulýðsráð felur formanni ráðsins og sviðsstjóra fræðslu- og menningarráðs að stilla upp samningi um rekstur á tjaldsvæði sem borinn verður undir ráðið.

- 6.4 201408097 - Framkvæmdir og viðhald við sundlaug Dalvíkur; lokun / opnun í Sundlaug Dalvíkur og í Sundskála Svarfdæla á framkvæmdartíma

Lagt fram tiil kynningar

Íþrótt- og æskulýðsráð - 87

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi hefur lagt fram tillögu að opnun vegna endurbóta á sundlauginni á Dalvík vorið 2017. Áætlaður verktími er frá 27. mars til 19. júlí 2017.

Íþróttamiðstöðin á Dalvík (ræktin):

Mánudaga-fimmtudaga: 6:15-20:00

Föstudaga: 6:15-19:00

Laugardaga og sunnudag: 9:00-12:00

Hér er nánast sami opnunartími og verið hefur, nema aðeins styttri opnun um helgar. Einnig verður starfsmaður áfram eins og verið hefur fram á kvöld þegar þarf vegna notkunar á íþróttasal.

Sundskáli Svarfdæla:

Mánudaga og miðvikudaga: 7:00-11:00

Fimmtudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-17:00

Það mun koma til einhver aksturskostnaður vegna opunar sundskála, en hann er óverulegur á þessu stutta tímabili (gæti verið á bilinu 30-50.000).

Núverandi launaáætlun getur staðið undir þessari opnun, sem og að áætlun íþróttamiðstöðvar ráði við þennan aksturskostnað.

Vinnuskylda allra starfsmanna er ekki að fullu nýtt með þessari opnun og er hugmyndin sú að það sem upp á vantar fari í vinnu í íþróttamiðstöðinni á Dalvík við ýmsar endurbætur og aðstoð á viðhaldstíma. Einnig eru verkefni sem farið er í í hefðbundinni lokun á vorin.

Á fjárhagsáætlun sundskálans (06570) er gert ráð fyrir heitu vatni og rafmagnskostnaði. Einnig minniháttar viðhaldi. Er ljóst að einhver kostnaður mun myndast við að reka skálann. Það má teljast líklegt að þessi áætlun dugi langt varðandi þann rekstrarkostnað sem til fellur vegna opnunar á framkvæmdartíma.

Lagt er til að ekki verði rukkaður aðgangseyrir í sundskálann á meðan á lokun sundlaugarinnar stendur.

Byggðaráð hefur samþykkt ofangreinda tillögu.
Íþróttá- og æskulýðsráð gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu.

6.5 201702032 - Reglur um afreks- og styrktarsjóð íþróttá- og æskulýðsráðs

Lagt fram til kynningar

Íþróttá- og æskulýðsráð - 87

Farið yfir reglur um afreks- og styrktarsjóð íþróttá- og æskulýðsráðs. Ekki voru gerðar breytingar á reglunum. Ráðið samþykkir að gerðar verði vinnu- og viðmiðunarreglur fyrir ráðið varðandi úthlutun styrkja. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúa falið að útbúa slíkar vinnureglur.

6.6 201702031 - Reglur um kjör á íþróttamanni ársins

Lagt fram til kynningar

Íþróttá- og æskulýðsráð - 87

Farið yfir reglur um kjör á íþróttamanni ársins. Samþykkt með 3 atkvæðum að breyta ekki reglunum.

Kristinn Ingi Valsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég tel að gera þurfi breytingar á 1. og 2. grein. Ég tel að iðkandi þurfi að stunda íþróttir með félagi í Dalvíkurbyggð og tel okkur ekki hafa forsendur til að geta tilnefnt sérstaklega aðra en þá sem íþróttafélög tilnefna. Mér finnst að íþróttamaður Dalvíkurbyggðar geti einungis orðið sá sem keppir undir formerkjum íþróttafélags í Dalvíkurbyggð.

Niðurstaða þessa fundar

Enginn tók til máls um fundargerðina og ekkert þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar, eru því allir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar í sveitarstjórn.

7. 1704012F - Íþróttá- og æskulýðsráð - 89, frá 02.05.2017

Til afgreiðslu:
2. liður.

7.1 201704048 - Ályktun ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði 2017

Lagt fram tiil kynningar

Íþróttá- og æskulýðsráð - 89

Lögð fram til kynningar ályktun ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði sam haldin var á Laugarbakka 2017.

7.2 201702061 - Vegna framkvæmdastjóra

Íþróttá- og æskulýðsráð - 89

Íþróttá- og æskulýðsráð samþykkir að styrkurinn verður greiddur til GHD fyrir árið 2017. Íþróttá- og æskulýðsráð mun fara yfir stöðuna með GHD í haust og skal þá meta hvernig til tókst í sumar og í framhaldinu skoðað hvernig starf þurfi að vera í kringum rekstur á golfvellingum.

Niðurstaða þessa fundar

Til máls tók;

Guðmundur St. Jónsson sem gerði grein fyrir vanhæfi sínu hvað þennan lið varðar og vék af fundi við umfjöllun og afgreiðslu kl. 16:28.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 6 atkvæðum afgreiðslu íþróttá- og æskulýðsráðs, Guðmundur St. Jónsson tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu vegna vanhæfis.

7.3 201703034 - Ársreikningar íþróttafélaga 2016

Lagt fram tiil kynningar

Íþróttá- og æskulýðsráð - 89

Íþróttá- og æskulýðsráð fór yfir ársreikninga íþróttafélaga í Dalvíkurbyggð. Síðar á fundinum koma fulltrúar íþróttafélagana á fund ráðsins og farið verður yfir stöðu félanna.

Niðurstaða þessa fundar

Guðmundur St. Jónsson kom inn á fundinn að nýju kl.16:29.

7.4 201703024 - Vorfundur íþróttá- og æskulýðsráðs 2017

Lagt fram tiil kynningar

Íþróttá- og æskulýðsráð - 89

Undir þessum lið og það sem eftir var fundar komu eftirfarandi aðilar á fundinn til að kynna niðurstöður ársreiknings og skýrslu sem og til samráðs um aðra þætti:

Kristján Ólafsson - UMFS

Hjördís Jóna Bóasdóttir - Fimleikadeild UMFS

Stefán Garðar Níelsson - Dalvík-Reynir

Bjarni Jóhann Valdimarsson - Golfklúbburinn Hamar

Lilja Björk Reynisdóttir - Hestamannafélagið Hringur

Snæþór Arnþórsson - Skíðafélag Dalvíkur

Marinó Þorsteinsson - Ungmennafélagið Reynir

Hólmsfríður Gíslasdóttir - Sundfélagið Rán

Guðríður Sveinsdóttir - Blakfélagið Rimar

Fulltrúi frá Þorsteinni Svörfuði boðaði forföll

Fulltrúar félaganna fóru yfir rekstur og starfsemi félaganna.

Rætt var um tryggingarmál, uppbyggingu íþróttasvæða, kostnað við rekstur félaga og styrkjамál.

Óskað eftir því að fulltrúar félaganna myndu skoða hvort það væri tilefni til að tilnefna í haust aðila sem hlýtur heiðursviðurkenningu íþrótt- og æskulýðsráðs. Óskað verður eftir því formlega í haust, samhliða því þegar óskað verður eftir tilnefningum til íþróttamanns Dalvíkurbyggðar.

Formaður íþrótt- og æskulýðsráðs þakkaði fundarmönnum kærlega fyrir fundinn og ítrekaði hversu mikilvægu starfi fundargestir væru að sinna innann sinna félaga.

Niðurstaða þessa fundar

Fleiri tóku ekki til máls um fundargerðina og annað þarfnast ekki afgreiðslu, eru því þeir liðir sem ekki þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar lagðir fram til kynningar.

8. 1704007F - Landbúnaðarráð - 110, frá 19.04.2017

Til afgreiðslu:

2. liður

4. liður.

8.1 201704062 - Samvinna sveitarfélagsins og MAST

Lagt fram tiil kynningar

Landbúnaðarráð - 110

Ráðið þakkar Sigurbjörgu Ólöfu fyrir greinargóða yfirferð á eftirliti og samvinnu sveitarfélagsins og MAST.

Sigurbjörg Ólöf vék af fundi kl. 11:01

8.2 201703137 - Umsókn um búfjárleyfi

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum afgreiðslu landbúnaðarráðs.

Landbúnaðarráð - 110

Landbúnaðarráð leggur til að veitt verði leyfi fyrir tveimur hundum með því skilyrði að þeir séu báðir skráðir og örmerktir og allt að fimm landnáms hænum. Ráðið bendir á að hana eru ekki leyfðir í þéttbýli. Hvað varðar búfjárleyfi fyrir tólf hross frestar ráðið þeirri afgreiðslu þar sem fullnægjandi gögn vantar með umsókninni. Ráðið felur sviðsstjóra að ræða við umsækjanda.

Guðrún Anna vék af fundi kl. 11:30

8.3 201703100 - Umsókn um beutiland

Lagt fram tiil kynningar

Landbúnaðarráð - 110

Ráðið frestar afgreiðslu þar sem fullnægjandi gögn vantar með umsókninni. Ráðið felur sviðsstjóra að ræða við umsækjanda og afla frekari gagna fyrir næsta fund ráðsins.

8.4 201704061 - Fjallskil og göngur haustið 2017.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum afgreiðslu landbúnaðarráðs.

Landbúnaðarráð - 110

Samkvæmt fyrri samþykktum og skoðanakönnunum leggur landbúnaðarráð til að fyrstu göngur í Svarfaðardalsdeild, Dalvíkurdeild og Árskógsdeild verði helgina 8. til 10. september og seinni göngur í öllum deildum viku síðar eða um helgina 15. til 17 september. Framvegis verður reiknað með að önnur og þriðja helgi í september verði fastar gangnahelgar.

Hrossasmölun og eftirleit í Skíðadalsafréttum verði 6. október og 7. október.

Samþykkt með fjórum atkvæðum.

8.5 201604102 - Mánaðarlegar stöðuskýrslur fyrir fagrað og byggðaráð

Lagt fram tiil kynningar

Landbúnaðarráð - 110

Ráðið gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn. Samþykkt með fjórum atkvæðum.

Niðurstaða þessa fundar

Enginn tók til máls um fundargerðina og annað þarfnast ekki afgreiðslu sveitarstjórnar, eru því þeir liðir sem ekki þarfnast afgreiðslu lagðir fram til kynningar í sveitarstjórn.

9. 1704010F - Menningarráð - 62, 02.05.2017

- 9.1 201510077 - Sjávarútvegssaga Dalvíkurbyggðar.

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Fram kom að Jóhann hefur á undanförunum misserum unnið að öflun heimilda. Nú er verkefnið komið á það stig að huga þarf að skipun þriggja manna ritnefndar sem heldur utan um verkefnið að rita sjávarútvegssögu Dalvíkurbyggðar.

Menningarráð óskar eftir að hitta Byggðaráð og ræða framhald verkefnisins.

- 9.2 201704023 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð hafnar umsókn með vísan í úthlutunarreglur.

- 9.3 201704022 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 100.000,-

- 9.4 201704021 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 150.000,-

- 9.5 201704020 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð samþykkir styrkveitingu að fjárhæð 200.000,-

- 9.6 201704019 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 150.000,-

- 9.7 201704018 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Beiðni hafnað þar sem umsókn fellur ekki undir reglur sjóðsins og vill benda á að verkefnið falli frekar undir umhverfissvið.

- 9.8 201704017 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð hafnar styrkveitingu þar sem umsóknin fellur ekki undir úthlutunarreglur ráðsins hvað varðar heimilisfestu umsækjanda.

- 9.9 201704016 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð samþykkti styrkveitingu að fjárhæð kr. 90.000,-

- 9.10 201704015 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 120.000,-

- 9.11 201705020 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði
2017

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarmálaráð samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 150.000,-

- 9.12 201704014 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 200.000,-

- 9.13 201704005 - Umsókn í menningarsjóð 2017 - Dagur Óskarsson

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð hafnar styrkveitingu á grundvelli úthlutunarreglna ráðsins. Menningarráði finnst verkefnið gott og bendir á að það heyri frekar undir atvinnumála- og kynningarráð.

- 9.14 201703088 - Umsókn um styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði - Vignir Hallgrímsson

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarmálaráð samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 250.000,-

- 9.15 201702115 - Styrkumsókn vegna tónleikaferðar

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð hafnar beiðni um styrkveitingu með vísan í úthlutunarreglur ráðsins.

- 9.16 201704093 - Umsókn um styrk - heimildarkvikmyndin Brotið

Lagt fram tiil kynningar

Menningarráð - 62

Menningarráð hafnar beiðni um styrkveitingu með vísan í úthlutunarreglur ráðsins.

Niðurstaða þessa fundar

Enginn tók til máls um fundargerðina og ekkert þarfnast afgreiðslu, eru því

allir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar í sveitarstjórn.

10. 1704009F - Veitu- og hafnaráð Dalvíkurbyggðar - 61, frá 26.04.2017.

Til afgreiðslu:

4. liður.

10.1 201702027 - Fundargerðir 2017

Veitu- og hafnaráð Dalvíkurbyggðar - 61

Lögð fram til kynningar.

10.2 201704088 - Umsókn um styrk fyrir Sjávarútvegsskólann 2017

Lagt fram til kynningar

Veitu- og hafnaráð Dalvíkurbyggðar - 61

Veitu- og hafnaráð telur að sú hugmyndafræði sem fram kemur í erindi frá sjávarútvegsskólanum um kynningu á störfum tengdum sjávarútvegi og þeim möguleikum sem eru til menntunar á þeim vettvangi fyrir yngri kynslóðina sé gagnleg.

Veitu- og hafnaráð hefur vilja til þess að bregðast jákvætt við erindinu en það hefur ekki fjárheimild til að veita umbeðinn styrk og samþykkir samhljóða að vísa því til byggðarráðs til endanlegrar afgreiðslu.

10.3 201611047 - Austurgarður, nýbygging og tilheyrandi

Lagt fram til kynningar

Veitu- og hafnaráð Dalvíkurbyggðar - 61

Veitu- og hafnaráð samþykkir samhljóða tillögu Vegagerðarinnar og leggur til við sveitarstjórn að hún heimili Vegagerðinni að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.

Veitu- og hafnaráð samþykkir samhljóða að óska eftir viðaukum til þess að hægt sé að ljúka þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru vegna gerðar Austurgarðs á árinu 2017, í fyrsta lagi verði framlag vegna framkvæmda Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar vegna framangreindra framkvæmda aukið um kr. 37.400.000,- og verði í heild kr. 125.800.000,- og í öðru lagi að viðauki vegna vænts framlags ríkisins á árinu 2018 að fjárhæð kr. 188.600.000,- verði samþykkt. Ráðið samþykkir samhljóða að leggja til að framangreindir viðaukar verði fjármagnaðri með lántöku.

10.4 201704092 - Samningur um vatnsréttindi og fleira í landi Brattavalla.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum afgreiðslu veitu- og hafnaráðs

Veitu- og hafnaráð Dalvíkurbyggðar - 61

Veitu- og hafnaráð samþykkir samhljóða þá tillögu samningi sem liggur fyrir fundinum og sendir afgreiðslu ráðsins til endanlegrar staðfestingar sveitarstjórnar.

Niðurstaða þessa fundar

Enginn tók til máls um fundargerðina og annað þarfnast ekki afgreiðslu, eru því þeir liðir sem ekki þarfnast afgreiðslu lagðir fra til kynningar í sveitarstjórn.

11. 201611121 - Ársreikningur Dalvíkurbyggðar 2016. Síðari umræða.

Á 291. fundi sveitarstjórnar þann 12. apríl 2017 var eftirfarandi bókað við fyrri umræðu:

"Á 818. fundi byggðaráðs þann 12. apríl 2017 var ársreikningur Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2016 lagður fram og honum vísað til fyrri umræðu í sveitarstjórn. Til máls tók: Bjarni Th. Bjarnason, sveitarstjóri, sem gerði grein fyrir helstu niðurstöðum úr ársreikningi 2016. Helstu niðurstöður ársreiknings Dalvíkurbyggðar 2016 eru: Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta samstæða er jákvæð um kr. 249.298.000. Rekstrarniðurstaða A- hluta er jákvæð um kr. 139.616.000. Breyting á lífeyrisskuldbindingu A- og B- hluta var kr. 44.538.000 en gert var ráð fyrir kr. 55.688.000. Launakostnaður alls án lífeyrisskuldbindinga var kr. 1.033.604.000 fyrir A- og B- hluta. Handbært fé frá rekstri A- og B- hluta samstæða kr. 327.966.000. Fjárfestingarhreyfingar A- og B- hluta samstæða kr. 272.881.000. Söluverð rekstrarfjármuna A- og B- hluta samstæða kr. 112.187.000. Lántaka A- og B- hluta samstæða kr. 100.000.000. Afborganir langtímalána A- og B- hluta samstæða kr. 171.030.000. Skuldaviðmið er 53,7% fyrir A- og B- hluta. Langtímaskuldir A- og B- hluta alls kr. 566.936.000, þar af kr. 248.444.909 vegna félagslegra íbúða eða 32,13%. Fleiri tóku ekki til máls. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum að vísa ársreikningi Dalvíkurbyggðar 2016 til síðari umræðu í sveitarstjórn. "

Til máls tók:

Bjarni Th. Bjarnason, sveitarstjóri, sem gerði grein fyrir að engar breytingar hafa verið gerðar á ársreikningum á milli umræðna í sveitarstjórn nema að bætt var við skýringu nr. 18 er varðar væntanlegt uppgjör við Brú lífeyrissjóð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ársreikning Dalvíkurbyggðar 2016 ásamt ábyrgða- og skuldbindingaryfirliti og áritar ársreikninginn því til staðfestingar.

12. 201705044 - Kosning skv. 46. gr. samþykkt Dalvíkurbyggðar, liður C.6.; Einn fulltrúi í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses. og einn til vara.

Á 819. fundi byggðaráðs þann 27. apríl 2017 var eftirfarandi bókað:

"201704054 - Frá framkvæmdastjóra Bergs ses.; Breyting á stjórn Menningarfélagsins Bergs

Tekið fyrir erindi frá framkvæmdastjóra Bergs menningarhús fyrir hönds stjórnar Menningarfélagsins Bergs ses., bréf dagsett þann 11. apríl 2017, þar sem bent er á að samkvæmt skipulagsskrá fyrir Menningarfélagið Berg ses. er kominn tími á að kjósa báða fulltrúa Dalvíkurbyggðar á næsta aðalfundi og þarf því að tilnefna nýja fulltrúa, aðalmann og varamann til tveggja ára, eða þá sömu áfram fyrir aðalfund sem verður haldinn um miðjan maí.

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að leggja til við

menningarráð að ekki verði breyting á fulltrúum Dalvíkurbyggðar, þ.e. Valdemar Þór Viðarsson, aðalmaður og Margrét Víkingsdóttir, varamaður."

Ekki komu fram aðrar tillögur og eru því Valdemar Þór Viðarsson og Margrét Víkingsdóttir réttkjörin.

13. 201705045 - Úthlutun lóða við Kirkjuveg 1-2, 3-5 og 7-8

Tréverk ehf., kt. 660269-2829 hefur fengið úthlutað og hafið framkvæmdir við byggingu parhúsa á lóðunum Kirkjuvegi 1-2, Kirkjuvegi 3-5 og Kirkjuvegi 7-8, Dalvíkurbyggð. Upphaflega var lóðunum úthlutað til Tréverks ehf. árið 2007 og hefur nú, í samræmi við fyrri ákvörðun fengið lóðunum úthlutað á nýjan leik en framkvæmdir hófust ekki innan tilskilins frests. Að tillögu umhverfisráðs og að öðru leyti í samræmi við 1.gr. reglna um lóðaveitingar í Dalvíkurbyggð leggur umhverfisráð nú til að sveitarstjórn staðfesti endurúthlutun lóðanna til Tréverks ehf. og þar með fyrri ákvörðun sína um úthlutun sömu lóða."

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda tillögu umhverfisráðs og úthlutun lóða til Tréverks við Kirkjuveg 1-2, Kirkjuveg 3-5, og Kirkjuveg 7-8.

14. 1704005F - Sveitarstjórn - 291

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:51
